



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Verklagsreglur vegna úthlutunar styrkja til meistaranema

1. Inngangur

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ákvað á fundi sínum þann 3. júlí 2015 að veita árlega allt að 750.000 kr. til allt að þriggja meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði sveitarstjórnarmála í tilefni af 70 ára afmæli sambandsins 2015. Hver styrkur er að fjárhæð 250.000 kr. Styrkirnir koma af fjárveitingu á sérstökum lið í árlegri fjárhagsáætlun sambandsins 2016–2018 og skulu verkefni sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða í stefnumörkun sambandsins 2014–2018. Á hverju ári tilgreinir sambandið þá stefnumörkunarpætti sem leggja ber áherslu á, að fjallað verði um í þeim lokaverkefnum sem sótt er um styrki til.

2. Umsóknir

Umsóknum skal skilað til Sambands íslenskra sveitarfélaga á þar til gerðum rafrænum eyðublöðum. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það styður við þá þætti í stefnumörkun sambandsins sem lögð er áhersla á ár hvert.

Sambandinu er heimilt að kalla eftir nánari upplýsingum og gögnum frá umsækjendum eftir því sem þurfa þykir. Stjórn sambandsins er heimilt að hafna öllum umsóknum sem ekki hafa skírskotun til stefnumörkunar sambandsins 2014–2018 eða uppfylla að öðru leyti ekki þær kröfur sem gerðar eru til verkefna.

Umsækjendur skulu leggja stund á meistaranám við viðurkenndan háskóla.

Umsóknum skal skila á íslensku.

3. Mat á umsóknum

Framkvæmdastjóri sambandsins, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins munu raða umsóknum í forgangsröð og leggja fyrir stjórn sambandsins sem tekur ákvörðum um styrkveitingu.

Við mat á umsóknum skal litið til tengsla við stefnumörkun sambandsins 2014–2018, nýnæmi verkefnis og hvort að til staðar séu möguleikar á hagnýtingu þess við framkvæmd stefnumörkunar sambandsins, sem og gæði umsókna og hæfni umsækjenda.

Umsækjendur fá sendan tölvupóst þar sem greint er frá niðurstöðu úthlutunar og tilkynnt er um úthlutun á vef sambandsins.

4. Greiðsla styrkja

Stefnt er að því að veita tvo til þrjú styrki árlega. Sambandið gerir skriflegan samning við hvern styrkþega. Helmingur styrksins verður greiddur út við undirritun samnings og helmingur þegar verkefni er lokið og sambandið hefur fengið eintak af því sem það má nýta í starfi sínu eins og við getur átt. Áður en styrkur er greiddur út þurfa styrkþegar að leggja fram staðfestingu leiðbeinenda síns á verkefninu, tímasetta verkáætlun og að vinna við það sé hafin á grundvelli hennar. Verkefnum skal að jafnaði vera lokið eigi síðar en ári eftir að samningur er gerður. Ljúki styrkþegi ekki verkinu á tilsettum tíma fellur síðari hluti styrksins niður nema annað sé ákveðið á grundvelli málefnalega ástæðna.

29.6.2015